

9. mars 2018

## Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2017

Quarterly national accounts, 4<sup>th</sup> quarter 2017

Hagvöxtur á fjórða ársfjórðungi  
var 1,5%

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2017 jókst að raungildi um 1,5% frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 4,4%. Einkaneysla jókst um 6,5%, samneysla um 2,4% og fjárfesting um 3,5%. Útflutningur jókst um 7,5% á sama tíma og innflutningur jókst um 15,4%.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla jókst um 0,6% milli 3. og 4. ársfjórðungs 2017. Þar af jókst einkaneysla um 1,5%, samneysla um 0,6%, en fjárfesting dróst saman um 4,5%. Útflutningur jókst um 7,2% og innflutningur um 3,2%.

**Tafla 1. Yfirlit**  
Table 1. Overview


	Verðlag ársins,	Magnbreyting		Magnbreyting frá	
	millj. kr.	frá fyrra ári, %		fyrrri ársfjórðungi, % <sup>1</sup>	
	Current prices, million ISK	Volume change from previous year, %		Volume change from previous quarter, % <sup>1</sup>	
4.ársfj. 4 <sup>th</sup> quarter	4.ársfj. 4 <sup>th</sup> quarter	1 <sup>st</sup> -4 <sup>th</sup> quarter	3.ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter	4.ársfj. 4 <sup>th</sup> quarter	
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	351.922	6,5	7,8	0,3	1,5
Samneysla <i>Government final consumption</i>	158.577	2,4	2,6	0,6	0,6
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	147.755	3,5	9,3	3,4	-4,5
Birgðabreytingar <sup>2</sup> <i>Changes in inventories<sup>2</sup></i>	-8.188	-0,7	-0,1	...	...
<b>Þjóðarútgjöld alls Gross <i>domestic final expenditure</i></b>	<b>650.066</b>	<b>4,4</b>	<b>6,8</b>	<b>3,1</b>	<b>-1,4</b>
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	308.225	7,5	4,8	-3,1	7,2
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-295.051	15,4	11,9	-3,7	3,2
<b>Verg landsframleiðsla GDP</b>	<b>663.240</b>	<b>1,5</b>	<b>3,6</b>	<b>3,1</b>	<b>0,6</b>

<sup>1</sup> Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

<sup>2</sup> Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

### Mynd 1. Landsframleiðsla, magnbreyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2017. Preliminary figures 2016–2017.

Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur og eru breytingarnar raunbreytingar.

### Mynd 2. Ársfjórðungsleg magnbreyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2017. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2016–2017. Change from the previous quarter.

Einkaneysla eykst

Einkaneysla á 4. ársfjórðungi 2017 jókst um 6,5% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2016. Á föstu verðlagi hefur einkaneysla aldrei verið hærrí síðan ársfjórðungsmælingar hófust. Milli 3. og 4. ársfjórðungs 2017 jókst einkaneysla um 1,5%.

Samneysla eykst

Samneysla jókst um 2,4% að raungildi á 4. ársfjórðungi 2017 borið saman við sama tímabil árið áður. Samneysla jókst um 0,6% frá 3. til 4. ársfjórðungs 2017. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2017 verða birtar í Hagtíðindum 15. mars 2018.

*Fjárfesting eykst* Fjárfesting á 4. ársfjórðungi 2017 jókst um 3,5% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung árið áður. Vöxtinn má að mestu rekja til fjárfestingar hins opinbera sem jókst um 22,1%. Á sama tíma jókst fjárfesting atvinnuvega um 1,6% á meðan íbúðafjárfesting dróst saman um 2,7%.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin veiga á móti áhrifum á utanríkisviðskiptin. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 2,8% og fjárfesting alls um 4,3% borið saman við sama ársfjórðung árið á undan.

Fjárfesting dróst saman um 4,5% á 4. ársfjórðungi borið saman við 3. ársfjórðung 2017. Þar af dróst fjárfesting atvinnuvega saman um 7,3% og fjárfesting hins opinbera um 1,6%. Hinsvegar jókst íbúðafjárfesting um 4,6%.

*Birgðir dragast saman* Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 4. ársfjórðungi 2017 minnkuðu birgðir um 8,2 milljarða króna á verðlagi ársins og munar þar mestu um 7,6 milljarða króna samdrátt birgða í sjávarafurðum.

*Þjóðarútgjöld aukast umfram landsframleiðslu* Þjóðarútgjöld jukust um 4,4% að raungildi á 4. ársfjórðungi borið saman við 4. ársfjórðung 2016 sem má að mestu rekja til aukinnar einkaneyslu. Landsframleiðslan jókst því minna en sem nam vexti þjóðarútgjalda, eða um 1,5%, en minni vöxtur landsframleiðslunnar skýrist af neikvæðum áhrifum utanríkisviðskipta. Frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 2017 drógust þjóðarútgjöld hinsvegar saman um 1,4%.


*Innflutningur eykst umfram útflutning* Útflutningur á 4. ársfjórðungi 2017 jókst um 7,5% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2016. Þar af jókst vöruútflutningur um 2,1% en þjónustuútflutningur um 13,5%. Á sama tíma jókst innflutningur um 15,4%. Þjónustuinnflutningur jókst um 9,2% og vöruinnflutningur um 19,4%.

Aukning var í inn- og útflutningi milli 3. og 4. ársfjórðungs 2017. Útflutningur jókst um 7,2% og innflutningur um 3,2%.

*Hlutdeild einstakra liða í hagvexti* Helsti drifkraftur hagvaxtar milli 4. ársfjórðungs 2016 og 2017 er einkaneysla. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

### Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contributions to growth by expenditure items



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Preliminary figures. Change over same quarter, previous year.

#### Minni afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum


Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á 4. ársfjórðungi 2017 var 13,2 milljarðar króna, en það er lægri fjárhæð en á sama tímabili árið áður (27,8 milljarðar króna á verðlagi þess árs). Vöruskiptajöfnuður reyndist neikvæður um 40,2 milljarða króna. Vöruútflutningur nam 147,6 milljörðum króna og vöruinnflutningur nam 187,9 milljörðum króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuður jákvæður um 53,4 milljarða. Útflutningur á þjónustu nam 160,6 milljörðum króna og innflutningur á þjónustu nam 107,2 milljörðum króna.

#### Hagþróun erlendis

Árstíðaleiðrétt ársbreyting landsframleiðslunnar á 4. ársfjórðungi á Íslandi var 1,3% samanborið við 3,4% í Hollandi, 3,3% í Svíþjóð, 2,9% í Þýskalandi, 2,8% í Finnlandi, 2,5% í Frakklandi og Bandaríkjunum, 1,6% í Japan, 1,4% í Bretlandi og Noregi, og 1,2% í Danmörku.

#### Mynd 4. Árstíðaleiðréttur ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries, seasonally adjusted



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2017. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Preliminary figures 2016–2017. Change over same quarter, previous year.

**Heimild** Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

#### Vöxtur á árinu 2017

Landsframleiðsla á árinu 2017 nam **2.555** milljörðum króna borið saman við **2.453** milljarða króna árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðsla að raungildi um **3,6%** á árinu 2017. Nánar má lesa um árið 2017 í heild í Hagtíðindum *Landsframleiðslan 2017, bráðabirgðatölur*.

#### Árstíðaleiðrétting

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.

Hagstofan árstíðaleiðréttr ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir (einkaneysla, samneysla o.s.frv.) árstíðaleiðréttr og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Niðurstöður fyrir árin 2016–2017 eru bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir. Slíkar breytingar hafa að sjálfsögðu einnig áhrif á árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar.

#### Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á [vef Hagstofunnar](#). Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

Tölur um landsframleiðslu á 1. ársfjórðungi 2018 verða birtar í Hagtíðindum 8. júní 2018.

## English summary

Non-seasonally adjusted figures indicate a year over year increase in real GDP by 1.5% for the 4<sup>th</sup> quarter of 2017. Total domestic expenditure increased by 4.4%. Household final consumption increased by 6.5%, government final consumption by 2.4% and gross fixed capital formation by 3.5%. At the same time exports grew by 7.5% and imports by 15.4%.

Gross fixed capital formation figures indicate a year over year increase of the 4<sup>th</sup> quarter by 3.5%, led by a 22.1% increase in government investment. Business sector investment increased by 1.6% and residential construction investment decreased by 2.7%.

Seasonally adjusted GDP in the 4<sup>th</sup> quarter of 2017 increased by 0.6% from the previous quarter. Total domestic final expenditure decreased by 1.4%. Household final consumption increased by 1.5%, government final consumption by 0.6% and gross fixed capital formation decreased by 4.5%. Exports increased by 7.2% and imports by 3.2% in the 4<sup>th</sup> quarter of 2017 as compared with the 3<sup>rd</sup> quarter of 2017.

For the year 2017, GDP increased by 3.6% in real terms.

National accounts for the 1<sup>st</sup> quarter of 2018 will be published on the 8<sup>th</sup> of June 2018.

**Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2013–2017***Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2013–2017*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govemm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Verðlag hvers árs, milljónir króna</b>								
<i>Million ISK at current prices</i>								
<b>2013</b>	<b>998.119</b>	<b>459.221</b>	<b>296.849</b>	<b>-4.953</b>	<b>1.749.237</b>	<b>1.047.908</b>	<b>-897.464</b>	<b>1.899.680</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	235.783	110.566	66.393	13.950	426.692	238.019	-208.044	456.667
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	249.706	116.144	77.689	-3.680	439.860	248.528	-227.360	461.028
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	243.426	112.643	74.455	-5.479	425.045	303.350	-231.578	496.817
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	269.203	119.869	78.311	-9.744	457.640	258.011	-230.481	485.170
<b>2014</b>	<b>1.061.048</b>	<b>484.850</b>	<b>347.189</b>	<b>2.045</b>	<b>1.895.133</b>	<b>1.068.320</b>	<b>-942.907</b>	<b>2.020.546</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	246.461	115.666	80.710	287	443.124	221.535	-209.681	454.978
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	266.864	121.966	77.756	2.046	468.631	254.705	-236.229	487.107
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	259.623	120.038	99.227	-2.309	476.578	325.779	-257.323	545.034
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	288.101	127.180	89.497	2.022	506.799	266.301	-239.673	533.427
<b>2015</b>	<b>1.120.742</b>	<b>522.636</b>	<b>424.255</b>	<b>3.489</b>	<b>2.071.123</b>	<b>1.188.745</b>	<b>-1.024.868</b>	<b>2.234.999</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	259.241	123.743	98.328	15.245	496.557	262.588	-236.455	522.690
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	282.190	128.573	101.884	-3.652	508.994	319.940	-271.451	557.482
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	272.082	129.322	105.156	-1.374	505.187	338.632	-257.182	586.637
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	307.229	140.998	118.888	-6.730	560.384	267.586	-259.780	568.191
<b>2016<sup>1</sup></b>	<b>1.211.563</b>	<b>559.242</b>	<b>523.827</b>	<b>2.926</b>	<b>2.297.559</b>	<b>1.186.686</b>	<b>-1.031.275</b>	<b>2.452.970</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	282.127	132.800	119.201	14.359	548.487	244.116	-241.913	550.690
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	310.067	139.374	135.818	-8.660	576.599	303.547	-278.460	601.687
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	290.641	137.792	129.400	2.847	560.680	365.383	-265.101	660.962
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	328.729	149.275	139.408	-5.620	611.792	273.640	-245.802	639.630
<b>2017<sup>1</sup></b>	<b>1.287.987</b>	<b>595.159</b>	<b>565.543</b>	<b>754</b>	<b>2.449.443</b>	<b>1.199.722</b>	<b>-1.094.600</b>	<b>2.554.565</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	299.327	142.057	122.080	7.537	571.000	235.346	-228.974	577.372
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	329.763	148.604	142.808	-10.464	610.712	300.798	-285.606	625.904
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	306.975	145.921	152.899	11.869	617.665	355.352	-284.969	688.049
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	351.922	158.577	147.755	-8.188	650.066	308.225	-295.051	663.240

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2013–2017**

Table 3. Quarterly Gross Domestic Product volume changes 2013–2017

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govemm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <sup>1</sup> <i>Changes in inventory<sup>1</sup></i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raubreytingar frá sama tímabili árið áður, %</b>								
<i>Volume changes on the same quarter of the previous year, %</i>								
<b>2013</b>	<b>0,8</b>	<b>1,0</b>	<b>2,2</b>	<b>-0,5</b>	<b>0,6</b>	<b>6,7</b>	<b>0,1</b>	<b>4,3</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,3	1,8	-12,7	-1,7	-3,1	3,7	-5,7	1,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,0	1,8	2,7	1,8	3,0	2,8	-1,8	5,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,1	0,2	9,4	-1,1	1,2	8,5	1,5	5,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	0,3	11,0	-0,9	1,4	11,3	6,4	4,4
<b>2014</b>	<b>3,2</b>	<b>1,7</b>	<b>16,5</b>	<b>0,4</b>	<b>5,5</b>	<b>3,2</b>	<b>9,8</b>	<b>2,2</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	1,5	21,4	-3,0	1,9	3,6	11,0	-1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,2	1,4	-1,9	1,3	3,6	5,0	6,9	2,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,5	2,3	33,6	0,7	8,5	6,3	14,1	4,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	4,0	1,7	14,7	2,4	7,9	-2,6	7,2	2,7
<b>2015</b>	<b>4,7</b>	<b>1,0</b>	<b>18,7</b>	<b>0,0</b>	<b>6,3</b>	<b>9,2</b>	<b>13,8</b>	<b>4,3</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	4,0	1,1	18,8	3,2	9,1	4,9	14,2	4,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,3	1,0	26,5	-1,1	6,0	16,4	15,4	7,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	4,0	0,4	2,6	0,0	2,8	4,8	5,5	2,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,2	1,3	29,9	-1,7	7,4	11,1	20,7	3,2
<b>2016<sup>2</sup></b>	<b>7,1</b>	<b>2,3</b>	<b>22,5</b>	<b>-0,1</b>	<b>9,0</b>	<b>10,9</b>	<b>14,5</b>	<b>7,5</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,9	1,9	21,8	-0,1	8,3	6,4	15,7	4,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	8,0	1,9	31,2	-0,9	9,9	5,7	16,9	4,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,0	2,6	21,1	0,8	9,3	17,3	17,7	10,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,4	2,8	16,9	-0,0	8,4	12,7	8,1	11,0
<b>2017<sup>2</sup></b>	<b>7,8</b>	<b>2,6</b>	<b>9,3</b>	<b>-0,1</b>	<b>6,8</b>	<b>4,8</b>	<b>11,9</b>	<b>3,6</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,1	2,3	3,9	-1,1	3,8	4,7	3,2	5,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	10,0	2,9	10,1	-0,5	7,8	8,1	15,8	4,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	7,7	2,6	19,8	1,7	11,2	0,1	12,3	3,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,5	2,4	3,5	-0,7	4,4	7,5	15,4	1,5

<sup>1</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*



**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting á landsframleiðslu 2013–2017, árstíðaleiðrétt**Table 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2013–2017*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá fyrri ársfjórðungi, %</b>							
<i>Percentage change on the previous quarter</i>							
<b>2013</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,2	0,3	-0,0	-0,6	4,8	0,2	2,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,6	0,2	14,2	3,1	-3,1	4,2	-1,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,6	-0,3	-8,1	-1,8	9,0	0,6	2,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,1	0,5	5,5	1,4	1,4	0,8	1,5
<b>2014</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,0	1,0	9,2	1,4	-2,2	4,0	-1,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,1	0,3	-7,0	1,5	-2,7	0,4	-0,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,9	0,6	25,2	4,1	8,5	7,9	4,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	-0,1	-10,0	-0,3	-4,9	-5,0	-0,5
<b>2015</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,1	0,3	12,7	1,9	5,5	10,9	-0,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,0	0,3	-1,2	0,7	6,7	1,4	3,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,9	0,1	3,2	0,9	-3,4	-1,3	-0,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,0	0,6	13,4	4,4	2,6	9,1	1,0
<b>2016<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,9	0,8	4,8	2,3	1,9	6,0	0,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,3	0,4	6,6	2,7	5,5	2,3	4,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,4	0,8	-4,0	-0,8	5,8	-0,7	2,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,8	0,8	9,2	3,8	-1,0	0,4	2,7
<b>2017<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,6	0,5	-6,5	-0,1	-3,8	1,7	-2,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,1	0,8	12,5	3,2	6,9	14,4	0,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	0,6	3,4	3,1	-3,1	-3,7	3,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,5	0,6	-4,5	-1,4	7,2	3,2	0,6

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2013–2017**

Table 5. Contribution to growth 2013–2017

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Hlutdeild í hagvexti frá fyrri ársfjórðungi, %</b>							
<i>% points contributions to growth in GDP from previous quarter</i>							
<b>2013</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,1	0,6	-0,0	-0,7	1,8	-0,4	2,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,3	0,0	2,1	0,9	-1,8	-2,1	-1,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,8	-0,1	-1,4	-1,0	5,0	-0,6	2,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,1	0,1	0,8	0,3	0,8	-0,6	1,5
<b>2014</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	0,8	1,5	-0,7	-4,1	-0,4	-1,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	0,1	-1,2	1,8	-1,5	-0,2	-0,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,5	0,1	4,1	-0,8	4,7	-4,0	4,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,4	-0,0	-2,0	1,2	-2,8	2,6	-0,5
<b>2015</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,0	0,0	1,6	-0,9	0,1	-1,0	-0,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,5	0,1	-0,2	0,2	3,7	-0,7	3,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,0	0,0	0,6	-0,7	-1,9	0,6	-0,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	0,1	2,6	0,4	1,4	-4,5	1,0
<b>2016<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-1,6	0,3	0,4	0,1	-1,1	2,4	0,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,7	0,1	1,4	0,4	3,0	-1,2	4,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	0,2	-0,9	-0,7	3,2	0,3	2,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,4	0,3	1,9	-0,2	-0,6	-0,2	2,7
<b>2017<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,4	0,6	-1,7	0,3	-8,2	5,9	-2,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,6	0,2	2,6	-1,3	3,3	-6,1	0,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,1	0,1	0,8	1,8	-1,6	1,8	3,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	0,1	-1,1	-1,2	3,4	-1,4	0,6

**Skýring** Note: Miðað er við árstíðaleiðréttar tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2013–2017, árstíðaleiðrétt**  
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2013–2017*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raubreyting frá sama tímabili árið áður, %</b>							
<i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
<b>2013</b>	<b>0,8</b>	<b>1,0</b>	<b>2,2</b>	<b>0,6</b>	<b>6,7</b>	<b>0,1</b>	<b>4,3</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	1,3	-12,1	-2,5	4,7	-5,1	3,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,1	1,7	3,2	1,7	2,7	-2,6	4,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,5	0,5	9,4	1,2	7,2	2,8	4,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	0,7	10,7	2,0	12,2	5,8	5,6
<b>2014</b>	<b>3,2</b>	<b>1,7</b>	<b>16,5</b>	<b>5,5</b>	<b>3,2</b>	<b>9,0</b>	<b>2,2</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	1,3	20,9	4,1	4,7	9,8	1,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,8	1,4	-1,5	2,5	5,2	5,8	2,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,2	2,3	34,1	8,7	4,8	13,5	3,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,9	1,8	14,4	6,8	-1,7	7,0	1,7
<b>2015</b>	<b>4,7</b>	<b>1,0</b>	<b>18,7</b>	<b>6,3</b>	<b>9,2</b>	<b>13,8</b>	<b>4,3</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	4,0	1,1	18,1	7,4	6,0	14,0	3,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,8	1,0	25,5	6,6	16,2	15,2	7,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	4,8	0,6	3,4	3,2	3,5	5,4	2,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,0	1,3	30,4	8,0	11,6	21,1	4,0
<b>2016<sup>1</sup></b>	<b>7,1</b>	<b>2,3</b>	<b>22,5</b>	<b>9,0</b>	<b>10,9</b>	<b>14,5</b>	<b>7,5</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,9	1,8	21,2	8,4	7,7	15,8	4,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	7,2	1,9	30,9	10,6	6,6	16,8	5,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,7	2,6	21,7	8,8	16,7	17,6	8,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,6	2,8	17,1	8,2	12,6	8,1	10,7
<b>2016<sup>1</sup></b>	<b>7,8</b>	<b>2,6</b>	<b>8,2</b>	<b>6,8</b>	<b>16,2</b>	<b>27,3</b>	<b>3,6</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,3	2,4	4,5	5,7	6,4	3,7	7,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	9,3	2,8	10,3	6,2	7,7	16,0	3,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	8,0	2,6	18,8	10,3	-1,3	12,4	3,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,7	2,4	3,9	4,8	6,8	15,6	1,3

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Hagtíðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** ***National accounts***

103. árg. • 10. tbl.

ISSN 1670-4770

9. mars 2018

Umsjón *Supervision* Jón Ævarr Sigurbjörnsson • jon.sigurbjornsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is *www.statice.is*

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*